

Sp. 556. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um afnám skömmtunar á byggingavörum og á hömlum þeim, sem nú eru á byggingu hæfilegra íbúðarhúsa, útihúsa í sveitum og verbúða.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, hvort ekki sé fært að afnema skömmtun á byggingavörum og létta jafnframt öllum hömlum, af byggingu hæfilegra íbúðarhúsa, er menn byggja til eigin afnota, enn fremur af byggingu útihúsa í sveitum og verbúða.

Verði athugun þessari lokið þáð snemma, að hægt sé að láta þessar ráðstafanir koma til framkvæmda að aflokinni sildarvertíð í byrjun september n. k.

Greinargerð.

Þegar lög um fjárhagsráð voru sett (lög nr. 70 5. júní 1947), var gert ráð fyrir, að fjárfestingarstjórnin næði ekki til minni háttar framkvæmda. Í reglugerð um fjárhagsráð o. fl. frá 31. júlí 1947 eru sett um þetta nánari ákvæði á þá lund, að ekki þurfi fjárfestingarleyfi til eftirtalinna framkvæmda:

1. að gera mannvirki eða tæki, sem eigi kostar meira í vinnu og efni en kr. 10000.00;
2. að byggja íbúðarhús til nota fyrir sjálfan sig eða skyldulið sitt, enda sé húsið ekki stærra en 350 rúmmálsmetrar og eigi óeðlilega mikið í það borið á neinn hátt, og húseigandi vinni að byggingu þess sjálfur með skylduliði sínu að mestu leyti;
3. að byggja verbúðir eða útihús á bújörðum, enda kosti framkvæmdir eigi í efni og vinnu meira en kr. 50000.00.

Jafnframt var ákveðið, að framkvæmdir af þessu tagi yrði að tilkynna til fjárhagsráðs mánuði áður en verkið hæfist.

Fjárhagsráði var þó heimilað að banna slíkar framkvæmdir, ef það teldi, að þær fælu í sér óeðlilega soun á vinnu og efni.

Í reyndinni urðu þessi ákvæði lítils virði. Skömmtun á nokkrum helztu byggingavörum var sett á í ágústmánuði 1947, og voru engar undanþágur veittar frá þeirri skömmtun. Var talið ófært að veita nokkrar almennar undanþágur frá skömmtuninni, án þess að allt kerfið liðaðist í sundur. Fjárhagsráð tók þá upp þá reglu að gefa út formlegar heimildir til efniskaupa, er í reynd voru í engu frábrugðnar fjárfestingarleyfum til þeirra framkvæmda, er undanþegnar voru samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Var þetta talið óhjákvæmilegt til þess að tryggja þessum aðilum, að þeir gætu fengið úthlutað byggingarefni. Munu leyfi til slíkra framkvæmda hafa verið veitt viðstöðulítið framan af árinu 1948, en síðan var að mestu tekið fyrir slíkar leyfisveitingar í júnimánuði sökum yfirvofandi efnisskorts. Í október 1948 var reglugerðinni breytt til samræmis við þá venju, er myndast hafði. Voru þá undantekningarnar að heita mátti með öllu afnumdar. Þó var því ákvæði haldið, að eigi þyrfti fjárfestingarleyfi fyrir framkvæmdum, er kostuðu eigi meira í efni og vinnu en kr. 10000.00. Þetta náði þó ekki til útihúsa í sveitum og hafði að heita mátti enga þýðingu vegna skömmtunarinnar. Þannig er þessum málað háttáð enn í dag.

Það þarf ekki að orðlengja, hvílik takmörkun á athafnafrelsi manna felst í því fyrirkomulagi, sem verið hefur í þessum efnun nú um nærfellt þriggja ára skeið. Tafir, óþægindi og skriffinnska eru óhjákvæmilegir fylgifiskar slíks fyrirkomulags. Byggingarkostnaður verður meiri en ella hefði þurft að vera og vinnukraftur notast verr. Einkum hefur mikill bagi orðið að þessum ráðstöfunum í sveitum og verstöðvum, þar sem byggingarframkvæmdir verða að fara fram á ákveðnum tíma árs.

Er það því ekkert álitamál, að mikil nauðsyn er til þess að losna við þessar hömlur á minni háttar framkvæmdum hið allra fyrsta, hvað svo sem verður um framtíð fjárfestingarstjórnarinnar í heild.

Viðhorfið í þessum málum hefur breytzt allmjög í seinni tíð. Mjög hefur dregið úr peningaveltu innanlands, og má gera ráð fyrir, að ekki yrði óeðlilega mikið um framkvæmdir af því tagi, sem hér um ræðir, enda þótt hömlum yrði létt af. Gengislækkunin hefur áhrif í sömu átt. Á hinn bóginn hefur reynslan leitt í ljós, að allmiklum erfiðleikum er bundið að undanþiggja vissar framkvæmdir fjárfestingarleyfum, á meðan skömmtun er enn haldið á byggingavörum, og vafa-

samt er, hver vinningur er því samfara. Þess vegna er hér lagt til, að ríkisstjórnin láti nú þegar fara fram athugun á því, hvort ekki sé fært að afnema þegar á þessu ári skömmtun á byggingavörum og létta jafnframt af hömlum á byggingu útihúsa, verbúða og hæfilegra íbúða, er menn byggja til afnota fyrir sjálfa sig og skyldulið sitt. Er ætlazt til, að þessari athugun verði lokið það snemma, að hinar breyttu reglur gætu komið til framkvæmda að aflokinni síldarvertíð í byrjun september. Hagar því víða svo, að haustið og yfirleitt tímabilið fram að vetrarvertíð er hentugur tími fyrir sjómenn og aðra til að vinna sjálfa að byggingu eigin íbúða og gera sér þann tíma þann veg arðbæran.